

Stofnana samningur

milli Heilbrigðisstofnunar Vesturlands og Sálfræðingafélags Íslands

Samkomulag þetta byggir á kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs annars vegar og Sálfræðingafélags Íslands

1. Gildissvið

Samningur þessi nær til sálfræðinga hjá Heilbrigðisstofnun Vesturlands (HVE), sem starfa og njóta ráðningarkjara samkvæmt kjarasamningi Sálfræðingafélags Íslands og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

2. Meginmarkmið

Aðilar eru sammála um eftirfarandi markmið:

- Að launakerfið verði sveigjanlegt og ákvarðanir um launaröðun séu teknar með málefnumlegum hætti og stuðli að jöfnun launa fyrir sambærileg störf án tillits til kynferðis.
- Að launakerfið nýtist sem stjórntæki til að ná fram markmiðum HVE.
- Að launakerfið stuðli að því að stofnunin hafi alltaf á að skipa hæfu og áhugasömu starfsfólk sem vinnur af einurð að verkefnum stofnunarinnar og býr við starfsumhverfi sem býður upp á möguleika til starfsþróunar og að vaxa og dafna í starfi.
- Að launakerfið stuðli að uppyggingu og viðhaldi á góðri þekkingu innan HVE.

3. Starfaflokkun og röðun

3.1 Starfaflokkar eru skilgreindir og grunnraðað í launaflokka með eftirfarandi hætti.

Grunnröðun í launaflokka byggir m.a. á skipuriti, starfslýsingu og umfangi og miðast við að um viðvarandi/stöðugt verksvið sé að ræða. Starfslýsingar skulu endurskoðaðar við allar varanlegar breytingar á verksviði starfsmanna og/eða skipulagi stofnunar. Röðun skal byggð á hlutlægum mælikvörðum eftir því sem unnt er.

Ef gerð er krafa um viðbótarmenntun umfram grunnenntun Cand.psych/MSc skal tekið tillit til þess við grunnröðun starfs í launaflokk sem hér segir:

- Diplóma (60 ECTS einingar) = 1 lfl.
- Meistaragráða (90 - 120 einingar) = 2 lfl.
- Doktorsgráða (180 einingar) = 3 lfl.

AMF 
EE 

Grunnröðun	Skýringar.
Launafl. 11	Sálfræðingur 1: Sálfræðingur sem vinnur almenn sálfræðistörf, sálfræðimat og sinnir ráðgjöf. Nýtur leiðsagnar reyndari sálfræðings.
Launafl. 12	Sálfræðingur 2: Sálfræðingur sem vinnur sjálfstætt við sálfræðiathuganir, mat og meðferð samkvæmt skipulagi starfsstöðvar og hefur umsjón með afmörkuðum verkefnum og vinnur undir handleiðslu reyndari sálfræðings.
Launafl. 13	Sálfræðingur 3: Sinnir sama starfi og sálfræðingur 2 nema hefur starfað við stofnunina í 6 mánuði. Starfar einn á sinni starfsstöð/landssvæði. Hefur verið falin umsjón og ber ábyrgð á afmörkuðum verkþáttum. Hefur umsjón með og ber ábyrgð á hópmeðferð, biðlistum og þróunarvinnu á sínu svæði. Tekur þátt í þróunarvinnu sálfræðiþjónustu á vesturlandi.
Launafl. 14	Sálfræðingur 4: Sálfræðingur sem hefur verið falin umsjón og skipulag með umfangsmiklum verkefnum eða hefur með höndum verkefnastjórn. Ber ábyrgð á faglegu utanumhaldi og hefur stefnumótandi áhrif á verkefni innan sálfræðiþjónustu. Hann getur haft handleiðslu annarra meðferðaraðila með höndum. Getur haft umsjón með sálfrædinum í starfsþjálfun.
Launafl. 17	Yfirsálfræðingur: Ber faglega og stjórmunarlega ábyrgð á sálfræðiþjónustu HVE. Er faglegur yfirmaður sálfræðinga á HVE og hefur yfirumsjón með og ber ábyrgð á uppbyggingu sálfræðiþjónustu á stofnuninni. Hann hefur handleiðslu annarra meðferðaraðila með höndum. Hann er einnig teymisstjóri geðheilbrigðisteymis sem er þverslagt teymi með öðrum fagstéttum s.s. læknum, hjúkrunarfræðingum, iðjuþjálfum o.fl.. Yfirsálfræðingur hefur stefnumótandi áhrif á starf og stjórnun geðheilbrigðispjónustu HVE.

A handwritten signature in blue ink, appearing to be 'JG', is located at the bottom left. To its right is another signature, 'AMF'. Below these is a third signature, 'EE'.

Grunnröðun í launaflokk er lágmarksröðun. Við röðun starfa innan launaramma skal taka tillit til atriða sem verða til þess að raða störfum ofar en grunnröðun segir til um. Taka ber tillit til eftirtalinna atriða:

4. Persónubundnir þættir til ákvörðunar um viðbótarþætti

Til viðbótar þeim þáttum sem ákvarða grunnröðun, skv. 3. gr., skal meta persónubundna þætti sem gera viðkomandi sálfræðing hæfari í starfi. Þannig er vinnuveitanda gefið svigrúm til að meta þætti til launa sem ekki var krafist við ráðningu starfsins. Eftirfarandi þættir skulu metnir umfram grunnröðun skv. 3. gr. sem álag á láréttum ás.

4.1. Viðbótarmenntun, reynsla og færni

Tryggja skal að áhugi og framtak starfsmanns við að afla sér endur- og símenntunar og aukinnar þekkingar leiði til launahækkunar. Hér skal einnig taka tillit til handleiðslu sem er nauðsynleg til að tryggja gæði í störfum sálfræðinga. Áhrif endur- og símenntunar taka mið af eftirtöldum greinum.

4.1.1 Viðbótarnám

Sérstaklega skal meta formlega framhaldsmenntun sem lokið er með viðurkenndri prófgráðu og ekki er þegar metin við grunnröðun starfsins. Menntunin þarf að nýtast í starfi.

Við lágmarksröðun, skv. grein 3.I bætast álagsþrep vegna viðbótarmenntunar á háskólastigi, umfram Cand.psych. eða MSc.-gráðu sem leiðir til starfsleyfis sem sálfræðingur, sem hér segir:

Diplóma (30 ECTS einingar) = 1 álagsþrep

Diplóma (60 ECTS einingar) = 2 álagsþrep

Meistaragráða (90 – 120 ECTS einingar) = 4 álagsþrep

Doktors- eða sambærileg gráða (180 ECTS einingar) = 6 álagsþrep.

Samkvæmt þessu getur starfsmaður hækkað um allt að 6 álagsþrep, til viðbótar við röðun starfs. Vegna viðbótarnáms.

Styttra formlegt nám skal metið með sambærilegum hætti.

Hækkun vegna sérnáms (viðbótarnám/menntunar) samkvæmt þessum kafla ber að meta svo að þrep sem áunnist hafa á fyrri stigum koma til frádráttar.

4.1.2. Sérfræðiviðurkenning og áfangar að henni

4.1.2.a)

- | | | |
|-----------|--|--------|
| 1. áfangi | 100 fræðslustundir, 20 handleiðslutímar eða 20 ECTS einingar | 1 þrep |
| 2. áfangi | 200 fræðslustundir, 40 handleiðslutímar eða 40 ECTS einingar | 1 þrep |
| 3. áfangi | 300 fræðslustundir, 60 handleiðslutímar eða 60 ECTS einingar | 1 þrep |
- Sérfræðileyfi frá Embætti landlæknis 1 launaflokkur og 1 þrep

Álagsþrep vegna viðbótarmenntunar, skv. 4.1.2 og 4.1.2.a skulu þó aldrei vera fleiri en 1 launaflokkur og 4 þrep.

4.2. Krafa um aukið sjálfstæði í starfi

Ef einungis einn sálfræðingur starfar í sérhæfðu teymi (barna eða fullorðinsteymi) eða sálfræðingur geggir stefnumótandi hlutverki varðandi sálfræðiþjónustu í teymi, þar sem sálfræðingur er ekki teymisstjóri, skulu laun hans hækka um 1 flokk á því tímabili.

4.3. Starfsreynsla

- Laun sálfræðings sem starfað hefur hjá HVE í 3 ár skulu hækka um 1 þrep.
- Laun sálfræðings sem starfað hefur hjá HVE í 7 ár skulu hækka um 1 þrep.
- Laun sálfræðings sem starfað hefur hjá HVE í samtals 12 ár skulu hækka um 1 þrep.

Heimilt er að meta starfsreynslu á fagsviði vegna starfa utan HVE.

4.4. Samskipti og stjórnnun

Heimilt er að hækka laun stjórnenda um allt að 2 þrep fyrir sérstök verkefni eins og gerð verklagsreglna, gæðahandbókar, vinnu við klínískar leiðbeiningar, þróun meðferða og fræðsluefnis, stjórnnun eða þátttaka í þverfaglegum teymum og fleira að fengnu leyfi yfirmanns.

4.5. Hækkun umfram 8 þrep á láréttum ási

Starfsmaður, sem hefur áunnið sér hækkun vegna þátta í liðum 4.1. til 4.5., umfram 8 álagsþrep, færst í næstu launatölu næsta launaflokks fyrir ofan.

5. Tímabundin hækkun, hæfnislaun og verkefni umfram grunnkröfur starfs.

JMF
R EE

Heimilt er að hækka laun starfsmanns um 1 flokk ef starf hans uppfyllir neðangreindar forsendur að mati yfirmanns, enda hafi ekki verið tekið tillit til þeirra við grunnröðun eða greitt fyrir með öðrum hætti.

- Aukið álag í starfi.
- Starfsmaður hefur umsjón með sálfræðipjónustu á fleiri en einni starfsstöð HVE eða starfar í fleiri en einu teymi.
- Starfsmaður stýrir föstu og reglulegu samstarfi / teymisvinnu með stofnunum utan HVE.
- Starfsmaður hefur umsjón með stærri viðvarandi verkefnum.
- Starfsmaður stýrir, að beiðni framkvæmdastjórnar, fastanefnd á vegum HVE.

Álag þetta sætir endurskoðun, ekki sjaldnar en árlega.

6. Sérstök umbun.

Heimilt er að greiða tímabundið sérstaka umbun. Þárhæð umfram föst mánaðarlaun, vegna sérstakra tímabundinna þátta svo sem aukins álags að mati yfirmanns sbr. grein 1.3. í kjarasamningi Sálfræðingafélags Íslands og fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd ríkissjóðs. Umbunin greiðist jafn lengi en ekki lengur en áhrif umræddra tímabundinna þátta vara.

7. Réttur til handleiðslu

Sálfræðingur á fyrsta starfsári nýtur reglulegrar handleiðslu yfirsálfræðings HVE.

Eftir eitt ár í starfi eiga sálfræðingur 3 og 4 sem starfa hjá HVE rétt á allt að 9 handleiðslutímum á ári utan stofnunar miðað við 100% starf en annars hlutfallslega. Við lok hverrar handleiðslulotu skal sálfræðingur framvísa handleiðsluvottorði til yfirsálfræðings.

Ef yfirsálfræðingur er ekki starsandi á HVE eða handleiðslumál er utan hans fagsviðs skal sálfræðingur á fyrsta ári njóta sömu handleiðsluréttinda og aðrir sálfræðingar.

8. Réttur til endurskoðunar á röðun og ágreiningsmál

Telji starfsmaður að röðun hans í launaflokk og þrep sé röng miðað við ofanskráðar forsendur á hann rétt á að fá röðun sína endurmetna. Ágreiningsmálum skal vísað til samstarfsnefndar skv. 11. gr. kjarasamninga.

9. Samstarfsnefnd

Um samstarfsnefnd visast til greinar 11 í samningi þeim er þessi samningur byggir á.


ANF
HO
EE

10. Grundvöllur og gildistími

Samningur þessi er gerður á grundvelli 11. greinar kjarasamnings Sálfræðingafélags Íslands og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs. Við gildistöku þessa samnings falla úr gildi allir eldri stofnanasamningar, bókanir og aðrar viðbætur. Samningur þessi tekur gildi frá og með 01.10.2020

Akranes, 09.12.2020

F.h. Heilbrigðisslofnunar Vesturlands


Borgunni Stefán ss.
Júliana Anna ss.

F.h. Sálfræðingafélags Íslands


Emael Einarsen
Anna María Þóra